



Selfossi, 27.9.2024

Fundargerð stjórnar

22. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn föstudaginn 27. september 2024, kl. 9:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi og á Teams.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson (á Teams), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (á Teams), Pétur Pétursson og Lárus Kristinn Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

1. Áskorun og bókun til stjórnar BÁ um kostnaðarskiptingu frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Helgi kynnti áskorun og bókun til stjórnar BÁ um kostnaðarskiptingu frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Pétur kynnti útreikninga BÁ varðandi lágmarksrekstrarkostnað lítilla slökkviliða samkvæmt lögum. Umræður. Stjórn felur slökkviliðsstjóra að taka saman gögn sem sveitarfélög hafa óskað eftir varðandi rekstrarkostnað og kostnaðarskiptingu

2. Vinna við fjárhagsáætlun BÁ fyrir árið 2025

Pétur kynnti frumdrög að fjárhagsáætlun BÁ fyrir árið 2025. LSOS er með lausa kjarasamningasamninga frá 1. apríl 2024 og því ekki gert ráð fyrir hækkun á launalið. Gera má ráð fyrir að taka þurfi upp launalið fjárhagsáætlunar á vorkundi Héraðsnefndar Árnésinga. Í framkvæmdaáætlun er stærsti liðurinn bygging björgunarmiðstöðvar á Flúðum og fyrirhuguð lántaka fyrir þeim kostnaði. Umræður. Pétur kynnti kostnaðarskiptingu sveitarfélaga miðað við núverandi skiptingu (70/30) og aðrar mögulegar kostnaðarskiptingar. Umræður.

3. Vígsla nýrrar slökkvibifreiðar BÁ í Hveragerði.

Pétur greindi frá undirbúningi vegna vígslu nýrrar slökkvibifreiðar í Hveragerði en vígslan mun fara fram seinna í dag.

4. Leiðbeiningar til íbúa Árnæssýslu um ýmis forvarnarmál

Helgi lagði til að stjórnendur BÁ myndu hefja kynningarherferð í staðarmiðlum um öruggan frágang rafmagnsbúnaðar á heimilum sem gætu valdið eldhættu.

5. Vinna við Björgunarmiðstöð á Flúðum

Helgi sagði frá fyrsta fundi bygginganefndar vegna björgunarmiðstöðvar á Flúðum. Lárus kynnti vinnu við þarfagreiningu á hluta BÁ í húsinu.

6. Önnur mál

a. Húsnæðismál við Árveg 1

Pétur fer yfir húsnæðismál við Árveg 1 og möguleikan að leigja rými af BfÁ þar til af kaupum verður. Umræður. Stjórn felur slökkviliðsstjóra að gera samningsdrög af leigusamning við BfÁ sem lögð verða fyrir á næsta stjórnarfundi BÁ.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 10:30

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Árni Eiríksson

Bragi Bjarnason

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson